

Ár 1977, þriðjudaginn 26. apríl, var í málinu nr. 4/1977  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 25. janúar 1977, kærði Hilmar Ingimundarson, hæstaréttarlögmaður, fyrir hönd eigenda fasteignarinnar Ránargötu 13 í Reykjavík yfir álagningu fasteignaskatts á eignina árið 1977. Í fyrsta lagi beindist kærán að skiptingu eignarinnar milli gjaldflokka, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Að því er það atriði varðar, var kærinni vísað til Fasteignamats ríkisins, sem ákvað skiptinguna, og hefur ekki verið kært út af þeirri ákvörðun. Í öðru lagi lýtur kærán að notkun nýja fasteignamatsins sem skattstofns, og telja kærundur það óheimilt, sbr. V. kafla laga nr. 94/1976. Er í úrskurði þessum aðeins fjallað um síðastgreint ágreiningsefni..

Heimild til álagningar fasteignaskatts árið 1977 ræðst af skýringu 2. gr. laga nr. 115/1976 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en ákvæði greinarinnar er svohljóðandi:

„Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gildi fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati."


Ofangreint ákvæði verður að skýra svo, að við álagningu fasteignaskatts árið 1977 skuli leggja núgildandi fasteignamat til grundvallar, þ.e. nýtt fasteignamat samkvæmt augl. fjármálaráðuneytisins nr. 412 frá 21. desember 1976. Jafnframt eru í umræddu ákvæði fyrirmæli um hámark fasteignaskatts ársins 1977. Að því leyti ber að skýra ákvæðið svo, að það feli í sér reglur um ákvörðun þeirrar hlutfallstölu eða þess álagningarstuðuls, er beita megi við álagningu fasteignaskatts á grundvelli nýja fasteignamatsins. Samkvæmt því má nefnd hlutfallstala ekki vera svo há, að hún leiddi almennt til hærri niðurstöðu en fengist, ef fasteignaskattur væri lagður samkvæmt reglum 3. gr. laga nr. 8/1972 á eldra fasteignamat með 236% álagi. Verður 2. gr. laga nr. 115/1976 heldur ekki skýrð svo, að hróflað sé við álagsheimild sveitarfélaga samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972.


Athugun leiðir í ljós, að álagning fasteignaskatts í Reykjavík árið 1977 er innan þeirra lögmæltu marka, er að framan greinir. Verður kærán því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.

  
Torfi Asgeirsson.

  
Gaukur Jörundsson.

  
Pétur Stefánsson.